






SKILGREINING VEITINGA- OG GISTISTAÐA

Gististaður:

-  **Flokkur I** Heimagisting
-  **Flokkur II** Gististaður án veitinga
-  **Flokkur III** Gististaður með veitingum en þó ekki áfengisveitingum
-  **Flokkur IV** Gististaður með minibar
-  **Flokkur V** Gististaður með aðstöðu þar sem hvers kyns veitingar í mat og drykk fara fram, þ.m.t. áfengisveitingar. (í reglugerð er heimilt að kveða nánar um einstakar tegundir gististaða, flokkun þeirra og búnað)

Veitingastaður:

- Flokkur I** Staður án áfengisveitinga
- Flokkur II** Umfangslitlir áfengisveitingastaðir, þar sem starfssemin er ekki til þess fallin að valda ónæði í nágrenninu svo sem með háværri tónlist og afgreiðslutími er ekki lengri en til kl. 23.00 og kalla ekki á mikið eftirlit og/eða löggæslu.
- Flokkur III** Umfangsmiklir áfengisveitingastaðir, svo sem þar sem leikin er hávær tónlist og/eða afgreiðslutími er lengri en til kl. 23:00 og kalla á meiri eftirlit og/eða löggæslu. Á veitingastöðum er hvorki heimilt að bjóða upp á nektarsýningar né með öðrum hætti að gera út á nekt starfsmanna eða annarra sem á staðnum eru. Leyfisveitandi getur þó heimilað í rekstrarleyfi að fram fari nektardans í atvinnuskyni á veitingastað, að fengnum jákvæðum umsögnum umsagnaraðila skv. 10. gr. Á nektarstöðum er sýnendum óheimilt að fara um á meðal áhorfenda og jafnframt eru hvers konar einkasýningar bannaðar. Heimilt er í reglugerð að kveða nánar á um einstakar tegundir veitingastaða, flokkun þeirra og búnað.

Tegundir gististaða.

Gististaðir skiptast í eftirfarandi tegundir eftir búnaði og aðstöðu sem bjóða skal gestum:

- a. *Hótel*: Gististaður þar sem gestamóttaka er opin allan sólarhringinn og morgunverður framreiddur. Fullbúin snyrting skal vera með hverju herbergi. Undanþágu má þó veita fyrir hluta herbergja. Þó skal alltaf vera handlaug í hverju herbergi og fullbúin snyrting nærliggjandi.
- b. *Gistiheimili*: Gististaður með takmarkaða þjónustu. Handlaug skal vera í hverju herbergi og salerni nærliggjandi. Jafnframt skulu gestir eiga aðgang að fullbúinni baðaðstöðu.
- c. *Gistiskáli*: Svefnpökagisting í herbergjum eða svefnskálum. Hér undir falla fjallaskálar.
- d. *Heimaging*: Gisting á heimili leigusala.
- e. *Íbúðir*: Íbúðarhúsnæði sérstaklega ætlað til útleigu til gesta og fellur ekki undir húsaleigulög. Hér undir falla starfsmannabústaðir og starfsmannabúðir þegar slíkt húsnæði er ekki leigt út í tengslum við vinnusamning.
- f. *Sumarhús*: Gististaður í orlofs- og frístundahúsum sem ætluð er til útleigu til gesta. Orlofshús félagsamtaka eru undanskilin.

Tegundir veitingastaða.

Veitingastaðir skiptast í eftirtaldar tegundir eftir starfsemi og þjónustu sem bjóða skal viðskiptavinum:

- a. *Veitingahús*: Veitingastaður með fjölbreyttar veitingar í mat og drykk og fulla þjónustu. Í veitingahúsi skal vera starfandi maður með fullnægjandi þekkingu í framreiðslu.
- b. *Skemmtistaður*: Veitingastaður með reglubundna skemmtistarfsemi, fjölbreyttar veitingar í mat og/eða drykk og fullkomna þjónustu. Hér undir falla einnig staðir þar sem aðaláhersla er lögð á áfengisveitingar, dans gesta, tónlist og langan afgreiðslutíma en engar eða takmarkaðar veitingar í mat.

- c. *Veitingastofa og greiðasala*: Veitingastaðir með fábreyttar veitingar í mat og/eða drykk. Á slíkum stöðum er takmarkaðri þjónusta og/eða gestir afgreiða sig sjálfir að hluta eða öllu leyti. Hér undir falla t.d. mötuneyti og skyndibitastaðir og einnig söluskálar með aðstöðu til neyslu veitinga.
- d. *Veisluþjónusta og veitingaverslun*: Staðir þar sem fram fer sala veitinga sem ekki er til neyslu á staðnum enda er slík sala meginstarfsemi staðarins.
- e. *Kaffihús*: Veitingastaður með einfaldar veitingar í mat og/eða drykk þar sem aðaláhersla er lögð á kaffiveitingar. Hér undir falla t.d. bakarí sem hafa aðstöðu til neyslu veitinga á staðnum.
- f. *Krá*: Veitingastaður með takmarkaða þjónustu og einfaldar eða engar veitingar í mat, þar sem aðaláhersla er lögð á áfengisveitingar og langan afgreiðslutíma.
- g. *Samkomusalir*: Staðir sem eru sérstaklega útbúnir og ætlaðir til hvers kyns samkomuhalds og til þess leigðir út í atvinnuskyni til einstaklinga og/eða fyrirtækja, hvort sem er með eða án veitinga í mat og/eða drykk. Félagshemili, íþróttasalir, flugskýli, vöruskemmur og önnur húsakynni sem að jafnaði eru ekki ætluð til samkomuhalds í atvinnuskyni geta fallið hér undir ef útleiga til skemmtanahalds fer oft fram en tólf sinnum á ári.

Lög nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald.

Almenn ákvæði um veitingastaði

5. gr. *Dvöl ungmenna á veitingastöðum*

Á veitingastað sem leyfi hefur til áfengisveitinga er ungmennum yngri en 18 ára óheimil dvöl eftir kl. 22 á kvöldin og fram til lokunar staðarins nema í fylgd með foreldrum sínum, öðrum forráðamönnum, ættingjum eða maka, 18 ára eða eldri. Dyraverðir, eftirlitsmenn, framreiðslumenn og/eða aðrir sem ábyrgð bera á rekstri staðarins skulu láta ungmenni er koma á slíka staði eða dveljast þar eftir kl. 22 að kvöldi, án framangreindrar fylgdar, sanna aldur sinn með því að sýna skilríki með mynd eða á annan fullnægjandi hátt enda sé ástæða til að ætla að hlutaðeigandi hafi ekki náð 18 ára aldri.

13. gr. *Endurnýjun rekstrarleyfis.*

Leyfishafi sem vill endurnýja rekstrarleyfi sitt skal sækja um endurnýjun til leyfisveitanda a.m.k. tveimur mánuðum áður en gildandi rekstrarleyfi rennur út.

22. gr. *Viðurlög vegna brota.*

Misbeiti leyfishafi sem hefur leyfi til veitingar áfengis leyfi sínu með því að veita áfengi á öðrum tímum eða á annan hátt en honum er heimilt, eða aðrar áfengistegundir, svo og með því að selja eða afhenda áfengi án þess að neytt sé á staðnum, eða hann brýtur á annan hátt gegn fyrirmælum sem um áfengisveitingar gilda, varðar það refsingu samkvæmt áfengislögum.

23. gr. *Þvingunarúrræði*

Lögreglustjóri skal án fyrirvara eða aðvörunar stöðva leyfissskylda starfsemi sem fer fram án tilskilins leyfis. Á það við um eftirfarandi tilvik:

- a) Þegar ekki hefur verið gefið út rekstrarleyfi vegna hinnar leyfissskyldu starfsemi, útrunnið rekstrarleyfi hefur ekki verið endurnýjað, nýr rekstaraðili hefur ekki fengið útgefið nýtt rekstrarleyfi, rekstrarleyfi hefur verið lagt inn, það afturkallað eða leyfishafi sviptur því.
- b) Þegar leyfissskyld starfsemi fer út fyrir mörk og skilmála útgefins rekstrarleyfis, svo sem varðandi heimilaðan afgreiðslutíma og þá tegund leyfissskyldrar starfsemi sem hið útgefna rekstrarleyfi tekur til.
- c) Þegar veitingar áfengis, sem leyfissskyldar eru skv. 18. gr. fara fram án tilskilins leyfis eða út fyrir mörk og skilmála útgefins leyfis.

Lögreglustjóri skal jafnframt slíta samkomu sem fram fer á grundvelli. 17. gr. ef hún brýtur gegn ákvæðum laga eða brotin eru fyrirmæli eða skilyrði sem leyfisveitandi hefur sett, ef regla á samkomu er eigi nægilega góð eða þegar slík samkoma fer fram án tilskilins leyfis.



Gögn sem þurfa að fylgja umsókninni Fyrirtæki sækir um

Gögn sem þurfa að liggja fyrir:

- Vottorð um búsföræði fyrirtækis.
- Staðfest virðisaukanúmer.
- Vottorð frá lífeyrissjóði um skuldastöðu
- Vottorð ríkissjóðs um skuldastöðu
[\(Þegar levfið er gefið út má skuldastaðan ekki vera eldri en 2. ja. mánaða\)](#)
(Tollhúsinu, Tryggvagötu 19)
- Teikningu **(1 eintak A4)** samþykka af byggingafulltrúa. Ef um blandaða Byggingafulltrúinn í Reykjavík. notkun húsnæðis er að ræða skal fylgja staðfest afrit af aðaluppdrætti **(Borgartúni 3, Reykjavík)** þar sem fram kemur afmörkun þess rýmis sem ætlað er fyrir reksturinn og skal tilgreina stærð þess í fermetrum.
- Afrit af tilkynningu fyrri leyfishafa um að hann hafi hætt rekstri**
- ÚTIVEITINGALEYFI:** Teikning þar sem fram kemur stærð útisvæðis og fjölda borða.

Afgreiðslustaðir:

Héraðsdómur þar sem viðkomandi býr.
(Dómhúsinu við Lækjartorg)
Skattstjórinn, virðisaukaskrifstofa.
(Tryggvagötu 19, Reykjavík)
Viðkomandi lífeyrissjóður.
Tollstjórinn eða annar innheimtumaður opinberra gjalda.

Forsvarsmaður/umboðsmaður (ef umsækjandi er ekki búsettur á Íslandi):

Gögn sem þurfa að liggja fyrir:

- Sakavottorð.
- Búsetuvottorð.
- Forræðisvottorð.
- Vottorð ríkissjóðs um skuldastöðu
[\(Þegar levfið er gefið út má skuldastaðan ekki vera eldri en 2. ja. mánaða\)](#)

Afgreiðslustaðir:

Lögreglustjóri.
Þjóðskráin, **Borgartúni 24 (Rvk) / Skrifst. sveitaf.**
Héraðsdómur þar sem viðkomandi býr.
Tollstjórinn eða annar innheimtumaður opinberra gjalda.

Einstaklingur sækir um

Gögn sem þurfa að liggja fyrir:

- Sakavottorð.
- Búsetuvottorð.
- Vottorð um búsföræði ábyrgðarmanns.
- Vottorð frá lífeyrissjóði um skuldastöðu
- Vottorð ríkissjóðs um skuldastöðu
[\(Þegar levfið er gefið út má skuldastaðan ekki vera eldri en 2. ja. mánaða\)](#)
- Staðfest virðisaukanúmer.
- Teikningu **(1 eintak A4)** samþykka af byggingafulltrúa. Ef um blandaða Byggingafulltrúinn í Reykjavík. notkun húsnæðis er að ræða skal fylgja staðfest afrit af aðaluppdrætti **(Borgartúni 3, Reykjavík)** þar sem fram kemur afmörkun þess rýmis sem ætlað er fyrir reksturinn og skal tilgreina stærð þess í fermetrum.
- Afrit af tilkynningu fyrri leyfishafa um að hann hafi hætt rekstri**
- ÚTIVEITINGALEYFI:** Teikning þar sem fram kemur stærð útisvæðis og fjölda borða.

Afgreiðslustaðir:

Lögreglustjóri.
Þjóðskráin, **Borgartúni 24 (Rvk) / Skrifst. sveitaf.**
Héraðsdómur þar sem viðkomandi býr.
Viðkomandi lífeyrissjóður.
Tollstjórinn eða annar innheimtumaður opinberra gjalda.
Skattstjórinn, virðisaukaskrifstofa.
(Tryggvagötu 19, Reykjavík)